

EFTIRLITSSKÝRSLA

Vesturbyggð Urðun Vatnseyrarhlíðum



Dags eftirlits	25.8.2021	Ábyrgðarmaður eftirlits	Sigríður Magnúsdóttir
Fyrirtæki	Vesturbyggð	Eftirlitsmaður	
Heimili	Aðalstræti 63	Tegund eftirlits	Lokunareftirlit
Kennitala	5106942369	Flokkur	Úrgangur og efnamóttaka
Fulltrúi fyrirtækis	Geir Gestsson	ÍSAT nr.	38.21.0
Fulltrúi fyrirtækis		Staðsetning	269508,137 575572,771

NIÐURSTAÐA EFTIRLITS

Við eftirlit kom fram eitt frávik er varðar skil á skráningum fyrir árið 2020. Frá eftirliti 2018 eru opin tvö frávik er varða skil á skráningum og frágang svæðisins. Frávik úr eftirliti 2018 er varðar mælingar er lokið.

UMFANG EFTIRLITS

Þann 29. janúar 2015 gaf Umhverfisstofnun út fyrirmæli um frágang og vöktun aflagðs urðunarstaðar Vesturbyggðar í Vatnseyrarhlíðum við Patreksfjörð. Fyrirmælin eru gefin út í samræmi við 43. gr. laga nr. 55/2003 um meðhöndlun úrgangs og 24. gr. rg. nr. 738/2003 um urðun úrgangs.

Í samræmi við 2. mgr. 23. gr. rg. nr. 738/2003 um urðun úrgangs fór fram lokunareftirlit á urðunarstaðnum 18. júní 2018. Í eftirlitinu komu fram þrjú frávik er varða mælingar, skil á skráningum og frágang á svæðinu.

Í lokunareftirliti þann 25. ágúst sl. var staðan á urðunarstaðnum óbreytt. Nokkuð var af úrgangi á urðunarstaðnum, t.d. timbri, bútum úr raftækjum, brotajárni sem og rusl var í læk sem rennur framhjá urðunarstaðnum. Ryðgaður gámur er á urðunarstaðnum, en samkvæmt upplýsingum frá fulltrúa sveitarfélagsins er hann nýttur til æfinga hjá slökkviliðinu. Mikið magn af jarðvegi og grjóti ætlað til ofanflóðaframkvæmda var í geymslu á urðunarstaðnum.

Samkvæmt fyrirmælum um frágang og vöktun fyrir urðunarstaðinn skal rekstraraðili vakta urðunarstaðinn og skila skráningum og niðurstöðum mælinga til Umhverfisstofnunar fyrir 1. maí ár hvert fyrir undangengið almanaksár. Við eftirlit höfðu skráningar vegna ársins 2020 ekki borist eftirlitsaðila. Í kjölfar eftirlitsins sendi fulltrúi sveitarfélagsins niðurstöður mælinga sem fram fóru í nóvember 2020 og upplýsti stofnunina um að óskað hefði verið eftir því að Heilbrigðiseftirlit Vestfjarða framkvæmdi mælingar á urðunarstaðnum.

Frávik frá gr. 1.8 í fyrirmælum um frágang og vöktun sem kom fram við eftirlit 2018 er lokið þar sem mælingar fóru fram haustið 2020. Tvö frávik frá því eftirliti er varða skil á skráningum og frágang svæðis eru enn opin.

Frávik frá

Lýsing á frávik

gr. 1.7 í fyrirmælum um frágang og vöktun, sbr. 19. gr. laga nr. 55/2003 um meðhöndlun úrgangs og 23. gr. reglugerðar nr. 738/2003 um urðun úrgangs

Rekstraraðili skal skila niðurstöðum skráninga til Umhverfisstofnunar fyrir 1. maí ár hvert fyrir undangengið almanaksár. Skráningar, sbr. tl. 1, 3-6 í gr. 1.7 hafa ekki borist til stofnunarinnar.

1 Frávik: Framkvæmd telst ekki í samræmi við kröfur sem settar eru fram í starfsleyfi, lögum eða reglugerðum.

2 Ábending: Ástand sem eftirlitsmaður telur vert að vekja athygli á í þágu heilsuverndar, umhverfisverndar og öryggis en sem ekki geta talist frávik.

Reykjavík, 23.01.2022



Sigríður Magnúsdóttir

